



Dómaranámskeið í sparring

TKÍ mun bjóða upp á dómaranámskeið í sparring í samstarfi við sænska taekwondosambandið. Námskeiðið verður helgina 10-11 apríl og fer fram í gegnum Zoom. Lágmarkskröfur til að skrá sig eru að iðkandi sé með rautt belti eða hærra og hafi náð 12 ára aldri. Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu. Skráning fer fram [hér](#).

Svíarnir hafa boðist til að hafa samskonar menntun fyrir íslenska dómara og boðið er upp á sænska sambandinu og stendur því iðkendum í aðildarfélögum TKÍ til boða að sækja fjögur námskeið á árinu 2021 til fullgildra dómara réttinda að erlendri fyrirmynd. Kennari námskeiðsins er Reza Abrishami.



Laugardagur 10. apríl

- 10:00-12:30 – Keppnisreglur (Competition rules & Interpretation)
- 12:30-13:30 - Hlé
- 13:30-15:00 – Keppnisreglur
- 15:00-16:00 – Spurningar frá þátttakendum

Sunnudagur 11. apríl

- 10:00-11:00 – Handahreyfingar (Hand signals)
- 11:00-12:30 – Æfingar og prufur (Physical training & tests)
- 12:30-13:30 - Hlé
- 13:30-15:00 - Handahreyfingar
- 15:00-16:00 – Spurningar frá þátttakendum